

Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúli 24
108 Reykjavík
Sent rafrænt í *samráðsgátt stjórnvalda*

Reykjavík, 12. janúar 2023.

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027. 153. löggjafarþing 2022/2023. Þingskjal x – x. mál. Stjórnartillaga.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn við drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027. Byggir aðgerðaáætlunin á þingsályktun um stefnu í geðheilbrigðismálum til 2030 sem Alþingi samþykkti á síðasta ári. Félagið styður þá auknu áherslu sem lögð hefur verið á geðheilbrigðismál undanfarin ár og má meðal annars vísa í umsögn félagsins dags. 18. ágúst 2021 við *Framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til 2030* og umsögn dags. 30. maí 2022 við þingsályktun um stefnu í geðheilbrigðismálum til 2030.

Félagið tekur undir þær áherslur sem koma fram í þingsályktunardrögum um markmið stjórnvalda, þ.e. að geðrækt, forvarnir og snemmtæk úrræði verði grundvöllur geðheilbrigðis einstaklinga, heildræn geðheilbrigðisþjónusta verði samþætt og byggð á bestu mögulegu gagnreyndu aðferðum, notendasamráð og notendamiðuð þjónusta á öllum stigum ásamt því að nýsköpun, vísindi og þróun bæti þjónustu og aðgengi. Það er einnig auðvelt að taka undir þær leiðir sem koma fram undir liðnum aðgerðaáætlun. Félagið vill þó draga fram mikilvægi þess að bæta aðgengi að fræðslu fyrir foreldra á netinu, svo sem stutt fræðslumyndbönd og greinar fyrir foreldra til viðbótar því að efla sérhæfða þjónustu í barneignaferlinu við verðandi foreldra og foreldra með ung börn sbr. lið 1A1. Félagið bendir á mikilvægi þess að mönnunarhópur sbr. 2.A.1 og greiningarhópur sbr. 2.A.2 auk Geðráðs sbr. 3.A.1 verði skipað fjölbreyttum fagstéttum og vill sérstaklega nefna félagsráðgjafa í því sambandi.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda. Þeir búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Félagsráðgjafar eru ein af lykilstéttum þegar kemur að starfi með einstaklingum sem glíma við geðrænan vanda. Þeir vinna með einstaklingum sem glíma við fátækt, fíknisjúkdóma og félagslegan vanda auk barnaverndarmála. Félagsráðgjafar hafa mikla þekkingu og reynslu af stöðu málefna fatlaðs fólks á Íslandi, í málefnum aldraðra, flóttamanna og annarra innflytjenda. Þeir hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi. Margir félagsráðgjafar hafa sérhæft sig í meðferð, svo sem fjölskyldumeðferð og áfallameðferð og veita samtalsmeðferð við andlegri vanlíðan á einkareknum meðferðarstofum. Því þarf að ganga frá samningum félagsráðgjafa við Sjúkratryggingar Íslands í samræmi við nýja grein 21. a. í lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar sem samþykkt var á Alþingi árið 2020. Er það liður í að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu.

Enn á ný bendir félagið á mikilvægi þess að efla þverfaglega heilsueflandi móttöku innan heilsugæslu fyrir alla aldurshópa og að tryggja jafnt aðgengi allra að slíkri þjónustu. Auka þarf þátttöku ýmissa stétta innan heilsugæslunnar í þágu geðheilbrigðisþjónustu, þar á meðal félagsráðgjafa vegna sérþekkingar þeirra í því að efla félagslega heilsu og vinna með streitu og áföll. Vert er að hafa í huga að félagsleg heilsa hefur úrslita áhrif á lífskjör einstaklinga og geðheilbrigði þannig að aukin aðgangur að þjónustu félagsráðgjafa er til þess fallin að fyrirbyggja frekari vanda.

Þá er mikilvægt að tryggja aðgengi að félagsráðgjöf innan grunn- og framhaldsskóla og vert að benda á þingsályktunartillögu þess efnis sem hefur ítrekað verið lögð fram á Alþingi eða á 150. þingi (647. mál), 151. þingi (113. mál), 152. þingi (267 mál) og nú 153 þingi (113 mál). Skólafélagsráðgjafar vinna með félagsfærni, hegðunarfærni og tilfinningafærni skólabarna auk þess að efla seiglu. Þeir starfa út frá heildarsýn og tengja saman þjónustukerfi þegar þörf er á frekari úrræðum. Til að auka áherslur á forvarnir þarf geðrækt að vera hluti af aðalnámskrá grunnskóla og auka þarf náms- og atvinnutækifæri fyrir ungmenni með geðrænar áskoranir. Þá þarf að endurskoða hugmyndafræði og innihald endurhæfingar og meðferðar, meðal annars í samstarfi við notendur og félagasamtök.

Félagsráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að fylgja þessari umsögn eftir sé þess óskað og taka þátt í frekara samtali og samstarfi um aðgerðir vegna geðheilbrigðismála. Félagið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður